

SKN-20	Menntaskólinn í Kópavogi	
Útgáfa: 01		
Dags.: 2020		
Höfundur: MLF	Fundargerð Skólanefndar # 20	
Samþykkt: GEA		
Síða 1 af 3		
11. nóvember 2020		

Mættir:		Guðríður Eldey Arnardóttir skólameistari, Flosi Eiríksson formaður skólanefndar, Magnea Lillý Friðgeirsdóttir, María Guðjónsdóttir, Guðmundur Birkir Þorkelsson, Steinþór Jónsson, Hjördís Einarsdóttir, Gerður Bjarnadóttir fulltrúi kennara, Elísabet Guðmundsdóttir fjármálastjóri og Guðný Karen Ólafsdóttir fulltrúi foreldra.
Forfallaðir:		Sigrún Júlía Ólafsdóttir fulltrúi nemenda,
Staður:	Teams fjarfundur	
Tími:	Kl. 12:00-13:00	Dags.: 11. nóv 2020

Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
1.	Rekstraráætlun 2021 Flosi formaður skólanefndar setur fundinn kl. 12:02. Upphaflega rekstraráætlun fyrir árið 2020 hljóðaði uppá 42 milljónir í mínus. Upphaf ársins gekk vel en vegna Covid hefur aðsókn í nám verið mjög mikil, sérstaklega í matvælanámið. Þetta hefur kostað skólann töluvert sem og ráðningar á kennurum til að mæta auknum nemendafjölda. Ekki var gert ráð fyrir þessum kostnaði í rekstraráætluninni. Óskað hefur verið eftir auknum stuðningi frá ráðuneytinu að fjárhæð 50 milljónum sem hefur verið samþykkt en hefur ekki verið afhent. Það stefnir því í 93 milljón króna rekstrarhalla. Það eiga þó eftir að koma inn bætur vegna starfsbrautarinnar og íslensku kennslu fyrir nemendur sem eru ekki með íslensku sem fyrsta mál. Hallinn gæti því endað í 80 milljónum. Ef þessar 50 milljónir sem óskað var eftir fyrir þetta ár tvöfaldast eða því sem næst á næsta ári þá er skólinn á góðri siglingu. Ef það gerist ekki er skólinn ekki á góðum stað og þá verður búið að þurrka upp næstum allt eigið fé hans. Stærstur hluti kostnaðarins er launakostnaður en vegna nemendafjöldans er erfitt að hrófla við honum. Þrátt fyrir covid er rekstrarkostnaður ekki að minnka nema að einhverju litlu leyti. MK er kominn af stað í endurgerð þriðja kennslu eldhússins sem er kostnaður sem fellur að mestu leyti á skólann. Einnig er	FE GEA	30 sek. 20 mín.

SKN-20	Menntaskólinn í Kópavogi Fundargerð Skólanefndar # 20 11. nóvember 2020	
Útgáfa: 01		
Dags.: 2020		
Höfundur: MLF		
Samþykkt: GEA		
Síða 2 af 3		

Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
	stefnt að því að endurgera mötuneyti nemenda og kennara. Hluti skólans í öllum þessum framkvæmdum eru 50 milljónir. Guðríður telur ekki æskilegt að fresta þessum framkvæmdum þar sem að ríkið hefur samþykkt kostnaðarþáttöku. Þá á skólinn einhverja fjármuni upp í sinn hlut. Guðmundur spyr hvort að skólinn geti beðið með að skila inn fjárhagsáætluninni meðan ekki liggi endanlega fyrir hver framlög frá ráðuneytinu verða. Skólanefndin samþykkir þá fjárhagsáætlun sem lögð hefur verið fram með þeim fyrirvörum og skýringum sem fram komu á fundinum og fela jafnframt skólameistara að afla skýrari svara frá menntamálaráðuneytinu um sértækar lausnir og bíða með að skila fjárhagsáætluninni að svo stöddu. Þá er það eindregin ósk nefndarinnar að nemendastöðugildum verði fjölgað í samræmi við raunverulegan fjölda nemenda.		
2.	Horfur næsta skólaár	GEA	18 mín.
	Gert er ráð fyrir því að Covid verði áfram og er skólinn að fara í þær nauðsynlegu strúktúr breytingar sem þörf er á að fara í til að geta tekið inn sem flesta nemendur á næsta ári. Þá er verið að vinna í stökkabreytingum. Skólinn mun hafa mötuneyti nemenda lokað til vorsins og gera ekki ráð fyrir að geta nýtt neitt af sameiginlegum rýmum skólans. Nemendur fara bara beint inn í sínar skólastofur. Allir kennarar eru að nota Teams við kennslu og það er unnið samkvæmt stundatöflu. Það er hins vegar orðið mjög lýjandi fyrir nemendur og kennara þessi viðvera við tölvu allan daginn. Það væri óskandi að þau gætu brotið það aðeins upp. Þau eru með starfsdag 3. desember og ætla að nota hluta úr þeim degi í að skoða mögulegar lausnir hvað þetta varðar. Stefnt er að því að hafa skólastarfið með örlítið öðruvísi sniði á vorönninni. Þar að auki vilja þau búa til minni hópa þannig að nemendur geti upplifað sem þau tilheyri litlum kjarna. Horfurnar eru þannig að Guðríður á síður von á því að þau séu að taka við bóknámsnemendum fyrir próf. Ef heimildin sem þau fá fyrir 17. nóvember er ekki meiri en sú að þau geti tekið við hálfum nemendahóp inn í stofunni þá finnst þeim betra að sleppa því og halda bara áfram rytmanum með fjarnámið. Skólameistarinn er búinn að senda óskalista til ráðuneytisins		

SKN-20	Menntaskólinn í Kópavogi Fundargerð Skólanefndar # 20 11. nóvember 2020	
Útgáfa: 01		
Dags.: 2020		
Höfundur: MLF		
Samþykkt: GEA		
Síða 3 af 3		

Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
	varðandi covid ráðstafnir. Efst er þar á lista að minnka nálægðartakmarkanir niður í 1 meter. Hver er tilfinningin fyrir útskriftinni? Þau bera sig þokkalega en GEA er ekki viss um að þau nái öll þeim markmiðum sem þau settu sér í upphafi annar. Ráðherra hefur lagt mikla áherslu á að allir nemendur sem áttu að útskrifast á 3 árum geri það. GEA telur eðlilegt að leyfa þessum árgangi að útskrifast á aðeins lengri tíma.		
3.	Lok haustannar	GEA	5 mín.
	Gert er ráð fyrir útskrift með sama hætti og í vor. Fáir í kirkjunni, athöfnin útsend o.s.frv.		
4.	Önnur mál	GEA	1 mín
	Stefnt er að því að nefndin hittist einu sinni í viðbót fyrir jól.		
5.	Fundi slitið: Formaður sleit fundi kl.12:44.		

Fundarritari: Magnea L. Friðgeirsdóttir